

1862.

6. septembr.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun handa settum sáttanefndarmanni.

Þér hafið, herra amtmaður, skýrt frá því í bréfi 31. desemberm. f. á., að í 2. athugasgrein við jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins árið 1855 sè því hreift, og sè það ánýjað í athugasemdunum við jafnaðarsjóðsreikningana fyrir árin 1859 og 1860, hvort eigi beri að láta bú Melsteðs amtmanns endurgjalda sjóðnum 6 rdl., sem hann áður hafi borgað úr honum í fæðispeninga handa þeim Guðmundi prófasti Vigfússyni og Jóni hreppstjóra Sigurðssyni, er þeir voru settir sáttanefndarmenn, og hafið þér borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort ekki megi leyfa, að settir sáttanefndarmenn fái fæðispeninga úr almennum sjóði, fyrir ferðir þær, sem þeir fara, og hafið þér, ef þessu verði neitað, spurt um, með hverju móti menn verði fengnir til að takast á hendur slíkar sáttatilraunir, ef þeir ekki sèu fánlegir til að gjöra það að tilmælum amtmanns.

Um leið og stjórnarráðið í þessu efni getur þess, að það verður að álíta, að það leiði beinlínis af úrskurði þeim, sem reikningsúrskurðardeild hinnar íslensku stjórnardeildar 30. júní. 1857 lagði á 1. athugasgrein við jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins fyrir árið 1854, að öldungis samkynja útasetning í 2. athugasgrein við jafnaðarsjóðsreikninginn fyrir árið 1855 má burt falla, þá skal þess getið yfir höfuð um spurning þá, sem nú hefir hreift verið, að í löggjöfnni er engin heimild til að veita settum sáttanefndarmönnum fæðispeninga auk ferðakostnaðar, þegar þeir eru neyddir til að ferðast þangað, sem nefndin á fund með sèr; en með því á hinn bóginn eigi heldur er nein heimild til þess í löggjöfnni, að menn verði móti vilja sínum neyddir til að taka að sèr að vera settir sáttanefndarmenn, verður amtmaður, þegar slík atvik bera að höndum, að leitast við að fá hlutaðeigendur til að taka að sèr starfa þenna fyrir borgun þá, sem fyrir hann er ákveðin í löggjöfnni.